

15 Styrkbeiðni þarf að fylgja vottorð frá sóknarpresti þeirrar kirkjusóknar, er ekkjan á 31. mars lögheimili í, um aldur hennar, hve mörg börn hún eigi innan 15 ára aldurs, hvort hún sje fátæk og þurfi styrksins með.

7. gr.

Ekkjur, er biðja um styrk úr sjóðnum, skulu senda skriflega beiðni ásamt áðurnefndu vottorði frá sóknarpresti sínum til hjeradsprófasts á sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, er taka á móti styrkbeiðnum, og sjá um útborgun úr sjóðnum, enda stendur sjóðurinn undir stjórn þeirra.

Engri ekkju má veita minni styrk en 80 — áttatíu — krónur í einu. Fyrir styrk ganga þær ekkjur, er flest börn eiga innan 15 ára, eða eru mjög heilsulitlar.

8. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100.000 — eitt hundrað þúsund krónur — má verja ársvöxtum hans — að undanskyldum kr. 200 — tvö hundruð krónum — sem um aldur og æfi leggist við höfuðstólinn — til að veita styrk ekkjum, sem lögheimili eiga í Eyjafjarðarsýslu.

9. gr.

A þessari skipulagssrá sjóðsins skal fengin konungleg staðfesting.

Akureyri, 9. júlí 1920.

Sigurvin Jónsson.

16
9. apríl

Samþykkt

um

þyngd bakarabrauða í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Samkvæmt heimild, sem gefin er í lögum nr. 11, 16. mars 1917, um þyngd bakarabrauða, hefir bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum ákveðið að þyngd bakarabrauða í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyjakaupstaðar skuli vera sem hér greinir:

1. Rúgbrauð	heil 3000 grömm
2. —	hálf 1500 —
3. Franskbrauð	heil 500 —
4. —	hálf 250 —
5. Sigtibrauð	heil 500 —
6. —	hálf 250 —
7. Súrbrauð	heil 500 —

8. Súrbrauð	hálf	250	grömm
9. Landbrauð	heil	500	—
10. —	hálf	250	—
11. Normalbrauð og hálfsgitirúgbrauð	heil	2500	—
12. —	hálf	1250	—
13. Hveitihleifar		1500	—

16
9. apríl

2. gr.

Óheimilt er að selja brauð, sem hafa minni þyngd en þá, sem ákveðin er í 1. gr., er þau eru vegin nýbökun, en þó kólnuð svo, að vel megi handleika þau berum höndum. Mega brauðin eigi hafa meira vatn í sjer, er þau eru vegin, en 38%. Þó skal það eigi teljast brot þótt einstök brauð sjeu 4% ljettari en ákveðið er, en á þyngd 20 brauða má mismunurinn aðeins vera 1%.

3. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum 25—500 króna, er renna í bæjarstjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið með sem almenn lögglumál.

4. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt þessi, sem gjörð er af bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar samkvæmt lögum 16. mars 1917, um þyngd bakarabrauða, staðfestist hjermeð.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. apríl 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Hafnarreglugjörð

17
12. apríl

fyrir

Stykkishólmskaupún.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir í dag gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Stykkishólmskaupún í Snæfellsnessýslu samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917:

I. Hafnargjald.

Af öllum skipum og gangvjelabátum, sem mæld eru til lestatals, hvort sem þau sigla tóm, með seglfestu eða fermd vörum, skal greiða í hafnargjald 15 auro af hverri smálest